

262. Auka stjórnarfundur FEBRANG 5. júní 2025 í fundarsal Oddasóknar á Hellu

Mætt voru Finnur Egilsson, Jóna Elísabet Sverrisdóttir, Ásdís Ólafsdóttir og Svavar Ólafsson. Einar G. Magnússon og Sigurborg Óskarsdóttir boðuðu forföll. Svavar Hauksson var á fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Formaður bauð öll velkomin og bað Sigdísi Oddsdóttur að rita fundargerð

1. Ferð í Grafninginn 25. júní. Svavar Ólafsson sagði frá því að allt væri klárt varðandi leiðsögn í ferðinni.
2. Samþykkt var að félagið kaupi farsíma fyrir starfsmann félagsins. Það auðveldar alla skráningu og utanumhald.
3. Svavar Ólafsson fór og ræddi við sýslumann varðandi brennu á jónsmessuhátíðinni. Sækja þarf um það sérstaklega ef bálköstur fer yfir einn rúmmetra. Einnig þarf að sækja um skemmtanaleyfi varðandi allar skemmtanir félagsins. Dísu og Finnur sjá um það.
4. Jónsmessuhátíðin verður haldin þann 26. júní nk. Félagið hefur fengið aðila til að sjá um salinn. Ásdís er í sambandi við þann aðila. Skemmtinefndin fundaði á dögnum og mun sjá um skemmtiatriði og fjöldasöng.
5. Félagið ráðgerir að hafa félagsvist með haustinu og óskar eftir a.m.k. fjórum í spilanefnd sem mun sjá um spilin næsta vetur. Dísu mun sjá um að gera auglýsingu.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Formaður

Ritari